

## Frumvarp til laga

### um breytingu á lögum um Fiskistofu, nr. 36/1992 (niðurfelling strandveiðigjalds).

Flm.: Inga Sæland, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, Eyjólfur Ármannsson,  
Guðmundur Ingi Kristinsson, Jakob Frímagn Magnússon, Tómas A. Tómasson.

1. gr.  
2. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

2. gr.  
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2024.

#### Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 150., 151., 152. og 153. löggjafarþingi (107. mál) en náði ekki fram að ganga og er nú lagt fram óbreytt.

Vorið 2010, einu ári eftir að núverandi strandveiðikerfi tók gildi, var sett nýtt ákvæði um svokallað strandveiðigjald í lög um veiðieftirlitsgjald, nr. 33/2000. Þar var kveðið á um að við útgáfu leyfis til strandveiða skyldi, auk almennrar greiðslu fyrir veiðileyfi, greiða 50.000 kr. í sérstakt strandveiðigjald á hvert strandveiðileyfi sem gefið væri út af stjórnvöldum. Fiskistofa skyldi innheimta gjaldið. Tekjum af strandveiðigjaldi skyldi svo ráðstafa til þeirra hafna þar sem afla, sem fenginn væri við strandveiðar, yrði landað. Allar götur síðan þetta var innleitt hefur hið svokallaða strandveiðigjald verið óbreytt en með 1. gr. laga um breytingu á lögum um Fiskistofu og ýmsum öðrum lögum (gjaldskrárheimild), nr. 67/2015, var ákvæðið fært undir 6. gr. laga um Fiskistofu.

Fyrsti flutningsmaður þessa frumvarps lagði fyrirspurn fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á 149. löggjafarþingi um gjöld á strandveiðar (707. mál). Þar var m.a. spurt um upphæðir svokallaðs strandveiðigjalds frá upphafi vertíðar 2010 til loka vertíðar 2018, greint eftir vertíðum og höfnum og reiknað í öllum tilvikum til núvirðis. Í svarinu kemur fram að þetta gjald hafi samtals yfir allt landið á árabílinu numið um 342 millj. kr. reiknað til núvirðis í apríl/maí 2019. Í framangreindu svari kemur einnig fram að 90,4% alls strandveiðiaflans var landað með sölu á fiskmörkuðum hér á landi. Þetta stangast á við fullyrðingar sem hafa heyrst úr ranni andstæðinga strandveiða að einhverjum verulegum hluta aflans sé landað í gáma til sölu og vinnslu í Bretlandi. Nær allur strandveiðiafli fer til vinnslu hér á landi.

Flestir strandveiðibátar eru gerðir út af einyrkjum eða litlum fyrirtækjum og stunda strandveiðar aðeins fjóra mánuði á ári. Á því tímabili má einungis gera bátana út 12 daga í hverjum mánuði, eða alls í 48 daga. Þá gerist það iðulega að strandveiðitímabilinu ljúki vel fyrir sumarlok. Strandveiðunum lauk til að mynda 21. júlí árið 2022 og í sumar lauk veiðunum 12. júlí. Á strandveiðivertíðinni 2023 stunduðu 762 bátar strandveiðar samkvæmt upplýsingum á vef Fiskistofu og má gera ráð fyrir að strandveiðigjald af þeim hafi numið um 38,1 millj. kr. Strandveiðar við Ísland hafa þó fest sig í sessi og þær skila sínu til þjóðarbúsins.

Bæði reynsla og allar tölur sýna að mannlíf í höfnum sjávarbyggða allt umhverfis landið væri vart svipur hjá sjón ef þessa útvegs nyti ekki við.

Strandveiðigjaldið svokallaða er sértækur skattur sem lagður er á einn útgerðarflokk umfram aðra. Engin sambærileg gjöld eru lögð á skip sem stunda aðrar veiðar en strandveiðar. Þetta felur í sér ójafnræði í ljósi þess að eigendur strandveiðibáta greiða lögbundin hafnar-gjöld eins og aðrir. Því er með þessu frumvarpi lagt til að ákvæði um strandveiðigjaldið í lögum um Fiskistofu verði fellt brott.